Lang stærsta og fjölbreyttasta blað landsins

Morgunblaðið

Helmingi útbreiddara en nokkurt annað íslenzkt blað

124. tbl. — Fimmtudagur 3. júní 1965



Hljómsveit Svavars Gests, fremriröð: Reynir Sigurðsson, Halldór Pálsson, Svavar Gests. — Aftari röð: Garðar Karlsson, Ragnar Bjarnason, Elly Vilhjálms og Magnús Ingimarsson.

29 þús. mál á þriðjudag og miðvikudag

TÆPLEGA 29 þúsund mál síldar bárust á land í gær og fyrradag af miðunum fyrir Austurlandi. Morgunblaðið átti í gærkvöldi samtal við Jón Einarsson á síldarleitarskipinu Hafþóri, sem var þá staddur 130 mílur 100 gráður réttvísandi frá Langanesi og fékk hjá honum upplýsingar um veiðarnar. Jón kvað veiðina á þessum slóðum og væru torfurnar nokkuð dreifðar með auðum blettum á milli. Gott veður var, hægviðri og þoka.

Afli einstakra skipa í fyrradag fyrrinótt og gærdag: (Ath. þó, að nokkrir bátanna fengu tvisvar afla á þessum tíma).

Krossanes 500, Þórður Jónsson 300, Hamravík 500, Guðrún Jónsdóttir 300, Þorbjörn II. 200, Sigurður Bjarnason 1700, Bára 300, Þorsteinn 1600, Bjartur 1700, Heimir 1300, Hannes Hafstein 1100, Akurey 1500, Halldór Jónsson 1000, Jörundur III. 2200, Reykjaborg 1200, Ögri 1000, Barði 1400, Jón Kjartansson 1600, Ólafur Friðbertsson 1300, Guðrún Jónsdóttir 700, Helgi Flóventsson 1000, Sæþór 1000, Súlan 1400, Árni Magnússon 1300, Jón á Stapa 800, Þórður Jónasson 1900 og Loftur Baldvinsson 950.

Samningafundir

FUNDUR sáttasemjara með fulltrúum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á Norður- og Austurlandi stóð til kl. 6 í gærmorgun. Annar fundur hófst kl. 9 í gærkvöldi og stóð enn, er blaðið fór í prentun.

Þá héldu fulltrúar vinnuveitenda og verkalýðsfélaganna Dagsbrúnar, Hlífar, Framtíðar og Framsóknar fund kl. 8 í gærkvöldi og stóð sá fundur einnig ennþá um miðnætti.

Fulltrúar Iðjufélaganna og Félags íslenzkra iðnrekenda áttu fund saman í gær frá kl. 5 til 7:30. Var rætt um nýtt launagreiðslukerfi á grundvelli starfsmats, en það hefur verið í undirbúningi um 2 ára skeið og 3 sérfróðir menn unnið að því. Annar fundur verður eftir hádegi í dag.

Enginn fundur var í gær í deilu þjóna og veitingamanna og hefur slíkur fundur ekki verið boðaður.

Héraðsmót Sjálfstæðisflokksins með nýjum hætti

Hljómsveit Svavars Gests annast skemmtiatriði

Í SUMAR efnir Sjálfstæðisflokkurinn til héraðsmóta víðsvegar um landið. Er ákveðið að halda 27 héraðsmót á tímabilinu frá 11. júní til 15. ágúst. Samkomur þessar verða með breyttu sniði frá því, sem tíðkazt hefur um héraðsmót flokksins.

Á héraðsmótunum í sumar munu forustumenn Sjálfstæðisflokksins halda ræður að venju. En auk þess mun nú sá háttur tekinn upp, að sérstakur fulltrúi ungu kynslóðarinnar tali á hverju móti.

Þá verða nú gjörbreytt skemmtiatriði frá því sem venja hefur verið. Nú mun hljómsveit Svavars Gests skemmta á héraðsmótunum. — Hljómsveitina skipa fimm hljóðfæraleikarar, þeir Svavar Gests, Garðar Karlsson, Halldór Pálsson, Magnús Ingimarsson og Reynir Sigurðsson. Auk þess eru í hljómsveitinni söngvararnir Elly Vilhjálms og Ragnar Bjarnason.

Á hverju héraðsmóti, mun hljómsveitin skemmta með margvíslegum hætti. Leikin verða vinsæl lög. Söngur verður, þar sem skiptast á einsöngur þeirra Ellyar og Ragnars, tvísöngur og þá mun söngkvartett innan hljómsveitarinnar syngja. Gamanvísur verða fluttar og stuttir gamanþættir. Síðast en ekki síst verða spurningaþættir, sem Svavar Gests mun stjórna. Spurningaþættirnir fara fram með þátttöku gesta á héraðsmótunum. Þess er að minnast, að spurningaþættir þeir, sem Svavar Gests stjórnaði í útvarpinu á sínum tíma nutu fádæma vinsælda.

Að loknu hverju héraðsmóti verður haldinn dansleikur, þar sem hljómsveit Svavars Gests leikur fyrir dansi og koma söngvarar hljómsveitarinnar þar að sjálfsögðu fram.

Framhald á bls. 31

Síld á Skagagrunni og austur af Grímsey?

SKIPSTJÓRI á norskum línuveiðara kveðst hafa orðið var við síld á tveimur stöðum fyrir Norðurlandi, á Skagagrunni og austur af Grímsey.

Línuveiðarinn Real I frá Álasundi kom inn til Neskaupstaðar í gær. Hann hafði verið á línuveiðum út af Skaga. Sagði skipstjórinn, að þorskaflinn hefði verið sáratregur þar, en hann hefði hins vegar orðið dálítið var við síld á Skagagrunni. Þá hefði hann á siglingu sinni austur fyrir land í fyrradag orðið var síldar 20 mílur austur af Grímsey, meiri en á fyrri staðnum.

24 hvalir

Akranesi, 2. júní:


24 HVALIR höfðu veiðzt á hvalbátunum fjórum í dag.

— Oddur.

Orðsending frá Landshappdrætti Sjálfstæðisflokksins

ÁKVEÐIÐ hefur verið að fresta drætti til 16. þessa mánaðar.

Landshappdrætti Sjálfstæðisflokksins.



Frá Skálavatni. Hér mun vera einn af mörgum góðum stangaveiðistöðum á vatnasvæði því, sem nefnt hefur verið Fiskivötn.

Verða Fiskivötn opnuð almenningi?

Stofnfundur veiðifélags um vötnin haldinn í mánuðinum

Í SAMTALI, sem Mbl. átti í gær við Þór Guðjónsson, veiðimálastjóra, kom fram atriði, sem vafalaust mun gleðja hjarta þeirra þúsunda manna, sem ánægju hafa af veiðum og útilífi. Um þessar mundir er verið að vinna að stofnun veiðifélags um hin margumtöluðu og landsfrægu Fiskivötn, og verði af félagsstofnun er líklegt að þessi fengsælu vötn verði opnuð almenningi. Yrði þá hægt að kaupa veiðileyfi í vötnunum af félaginu.

Til forna er mælt að silungsveiði í Veiðivötnum hafi verið lögð til jafns við heila vertíð í Vestmannaeyjum.

Hreppsnefndir í Landmannahreppi og Holtahreppi eru nú í óðaönn að undirbúa stofnun veiðifélags um öll vötn á Landmannaafrétti, og verður stofnfundur veiðifélagsins haldinn seinna í þessum mánuði.

Frá því að Hæstaréttardómur féll í deilu um eignarétt á vötnunum 1955, hefur engum leyfzt að veiða í þeim utan héraðsmönnum í fyrrgreindum tveimur hreppum, auk ábúenda Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi.

Er veiðifélag hefur verið stofnað um Fiskivötn má vænta þess að veiðileyfi verði seld almenningi í vötnunum, og mega það teljast ánægjuleg tíðindi (Sjá ennfremur viðtal við veiðimálastjóra á bls. 10.